



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. mars 2018

1802084SA KB/agb
Málalýkill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samræmingu verklags um fjarfundi á vegum ráðuneyta, 148. löggjafarþing 2017-2018, þskj. 45 – 45. mál

Tillagan var send til umsagnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga með tölvupósti nefndasviðs Alþingis 22. febrúar sl. Tillagan felur í sér að forsætisráðherra verði falið að innleiða verklagsreglur fyrir ráðuneyti Stjórnarráðsins um fjarfundi í því skyni að auðvelda stofnunum, sveitarstjórnnum og öðrum aðilum um allt land samskipti við ráðuneytin.

Sambandið gaf jákvæða umsögn um áður flutta þingsályktunartillögu um sama mál með bréfi, dags. 25. apríl 2017. Afstaða sambandsins hefur ekki breyst. Það telur fjarfundi vera sjálfsagt framfaramál sem skipti miklu máli fyrir aðila úti á landi og stuðli auk þess að verulegum þjóðhagslegum sparnaði. Sambandið hefur iðulega í starfsemi sinni orðið vart við að sveitarfélög á landsbyggðinni óski eftir að boðið sé upp á fjarfundi og telur að fólk sem er búsett úti á landi sé almennt með mun betri þekkingu á fjarfundatækni en fólk á höfuðborgarsvæðinu.

Enginn vafi er á því að það er þörf á að byggja upp þekkingu, innviði og verklagsreglur um notkun fjarfunda innan stjórnsýslunnar á höfuðborgarsvæðinu. En uppbyggingin þarf ekki aðeins að snúa að fundum í hefðbundnum skilningi þess orðs, heldur einnig ráðstefnum og öðrum þekkingar- og samráðsviðburðum sem ríkið skipuleggur á höfuðborgarsvæðinu og eiga erindi við stofnanir ríkis og sveitarfélaga á landsbyggðinni.

Sambandið telur að kostnaður standi oft í vegi fyrir þátttöku landsbyggðarsveitarfélaga í stjórnsýsluviðburðum á höfuðborgarsvæðinu. Aukinn rafrænn aðgangur myndi skila bæði hagrænum og þekkingarlegum ágóða fyrir hið opinbera. Í næstum hvert skipti sem sambandið stendur fyrir þekkingar- og samráðsviðburði á höfuðborgarsvæðinu berst ósk frá sveitarfélögum um að viðburður verði tekinn upp og settur á netið og má segja að það sé orðið að viðtekinni venju hjá sambandinu. Í drögum að nýrri upplýsingastefnu sambandsins er gert ráð fyrir að þetta verði fast verklag. Sambandið telur því tilefni til að útvíkka tillöguna þannig að það sé enginn vafi að slíkir viðburðir falli einnig undir hana.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri